

Nr. 080 / 11 Andrea**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 2787
IMO nr. 7222231
Smíðaður: Noregi 1972, stál
Stærð: 298 bt.
Mesta lengd: 36,43 m Skráð lengd: 29,93 m
Breidd: 7,5 m Dýpt: 2,8 m
Vél: Volvo Penta 398 kW, 1972
Fjöldi skipverja: 4
Fjöldi farþega: 52



Andrea©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2011 var farþegaskipið Andrea að koma til hafnar í Reykjavík.

Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju fór skrúfuskurður á annarri skrúfunni í fullan skurð áfram með þeim afleiðingum að skipið lenti á bryggjunni og Brimnesi RE 27 sem lá við bryggju. Skemmdir urðu á stefni og brúarskyggni Andreu.

Við rannsókn kom fram:

- að tvö stýri og tvær vélar eru í skipinu með sjálfstæðum skrúfubúnaði;
- að sögn skipstjóra varð hann var við truflun í stjórnþúnaði vélanna eftir að hann hafði beygt upp að viðlegukantinum. Hann hafi ekki verið viss í hvorri vélinni truflunin væri og því kúplað báðum skrúfunum út með rofa í stjórnborði. Skipið hafi fyrst komið að bryggjunni með stjórnborðs bóginn skriðið fram með bryggjunni og stefnt á skut Brimness RE. Hann hafi því kúplað inn bakborðs skrúfu til að bakka en þá hafi ferðin áfram aukist;
- að eftir skoðum á stjórnþúnaði kom í ljós að lóðning í prentplötu við stjórn á bakborðs skrúfuskurði hafði rofnað. Það orsakaði að drifþúnaður við skrúfuskurðinn fékk skipun um að setja á fullan skurð áfram;
- að sögn vélstjóra er ekki ljóst hvað hafi orsakað rof í lóðningunni nema galli eða fínn titringur um langan aldur þúnaðarins.

Nefndarálit:

Nefndi ályktar ekki í málinu.